

Fréttabréf

stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum



Forsíðumyndin

Það hefur verið hálf kuldaglegt á Norðurlandi það sem af er þessu ári. Þrátt fyrir það eru margir sem verða að sinna sínum daglegu störfum burt séð frá veðri og vindum. Hörður Harðarson og Gylfi Sigurðsson létu ekki slæmt veður hafa áhrif á sig, eins og sjá má á forsíðunni, þegar þeir voru að gera við rækjutrollið á Flatey ÞH sem nýlega bættist í flota Húsvíkinga. Þeir eru báðir í áhöfn skipsins. Mikið líf hefur verið við höfnina undanfarið enda kallar ört stækkandi floti á aukin umsvif í bænum. Fleiri ný skip eru væntanleg til Húsavíkur á árinu. Ekki síst þess vegna er orðið aðkallandi að nýja höfnin verði tilbúin sem fyrst. Áætlanir gera ráð fyrir að svo verði á næsta ári.



Ljósmyndari Fréttabréfsins tók þessa mynd um áramótin þegar húsvíkingar fjölmenntu á áramótabrennuna og fögnuðu nýju ári.

Mannlíf:

Þorri blótaður í Borgarhólsskóla!



Sigurður Helgi Ólafsson og Magna Arnardóttir mættu galvösk á þorrablót með Ólafi syni sínum.

Nemendur í 8. bekk Borgarhólsskóla halda á lofti þeim þjóðlega sið að blóta þorra. Þann 6. febrúar söfnuðust þeir saman á sal skólans ásamt foreldrum og kennurum. Þessi skemmtilegi siður hefur haldist í skólanum í yfir áratug.

Ríflega hundrað og fimmtíu manns mættu á blótið sem var í alla staði til fyrirmyndar og skemmtu gestir sér hið besta við mat, drykk, dans og fjöldasöng. Eins og sjá má á þessari mynd tóku veislugestir hraustlega til matar síns.

Félagsmál:

Gleði á aðventu

Þessar myndir eru teknar í jólaboði stéttarfélaganna í desember. Jólaboðið er fastur liður í starfi stéttarfélaganna og alltaf jafn ánægjulegt að sjá hversu margir líta við og þiggja veitingar í boði félaganna. Tónlistarskólinn á Húsavík leikur einnig stórt hlutverk í boðinu því nemendur skólans halda uppi stanslausri skemmtun fyrir gesti. Öllum þeim sem mættu í boðið og þeim sem skemmtu



Fræðslumál:

Starfsmenn Íshafs á skólabekk



Það var létt yfir bópnun í pásam eins og myndin ber með sér.

Starfsmenn Íshafs hf. sem ekki hafa þegar lokið kjarasamningsbundnu námskeiði fyrir starfsfólk í fiskvinnslu hafa undanfarið setið á 40 stunda námskeiði. Í lok námskeiðsins fengu allir afhent viðurkenningarskjál. Starfsmennirnir

útskrifuðust sem Sérhæfðir fiskvinnslumenn og fá auk þess launabækkun. Verkalýðsfélag Húsavíkur skipulagði námskeiðið í samstarfi við Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar.

Fræðslumál:

Fiskvinnslufólk á námskeiði

Það er ekki bara að starfsfólk Íshafs hf. hafi verið á fiskvinnslunámskeiði, því í byrjun janúar var haldið samskonar 40 stunda námskeiði fyrir starfsfólk Laugafisks, GPG-Fiskverkunar og Fiskiðjusamlags Húsavíkur. Verkalýðsfélag Húsavíkur og samstarfsaðilar hafa

haldið þessi námskeið nánast árlega enda réttur nýliða að fá slík námskeið á fyrsta starfsári. Námskeiðið tókst vel og voru þátttakendur sammála um að námskeiðið hefði tekist vel og kæmi þeim vel í daglegum störfum hjá fyrirtækjunum.



Starfsmenn Laugafisks, GPG og Fiskiðjusamlags Húsavíkur sem tóku þátt í námskeiðinu.

Félagsmál:

Þuríður vann

Heimasíða stéttarfélaganna stóð fyrir léttum spurningaleik á heimasíðunni í desember. Fjöldmargir tóku þátt í leiknum og hér koma nöfn sigurvegaranna sem þegar hafa fengið verðlaunin afhent. Fréttabréfið óskar þeim jafnframt til hamingju með verðlaunin.

1. verðlaun, 16 manna terta frá Heimabakaríi:
Þuríður Hallgrímsdóttir, Húsavík

2. verðlaun, hangikjöt frá Norðlenska:

Þorvaldur Hjaltason, Húsavík

3. verðlaun, hangikjöt frá Norðlenska:

Erlingur Bergvinsson, Húsavík

4. verðlaun, konfekt:

Ómar Gunnarsson, Öxarfirði

5. verðlaun, konfekt:

Gunnar Sigurður Jósteynsson, Húsavík



Heimabakarí gaf fyrstu verðlaun á jólaeik stéttarfélaganna og Norðlenska gaf önnur og þriðju verðlaun. Þessi fyrirtæki fá sérstakar þakkir frá stéttarfélagunum. Á myndinni eru María Guðmundsdóttir og Rut Sigurðardóttir við störf í Heimabakaríi.

Atvinnumál:

Ört stækkandi floti á Húsavík



Flatey og Aldey í höfn á Húsavík. Þegar þessi mynd var tekin var Flatey nýkomin úr vel beppnaðri veiðiferð. Skipstjóri er Bjarni Eyjólfsson.

Mikill uppgangur hefur verið í útgerð frá Húsavík á síðustu vikum og hefur fjölgað um þrjú togskip það sem af er þessu ári. Skipin eru, Aldey, Seley og Flatey sem gerð verða út á rækjuveiðar á vegum

Íshafs hf. Fjórdða skipið, Húsey, er væntanlegt til Húsavíkur á næstu vikum. Ljóst er að tilkoma skipanna hefur verulega jákvæð áhrif á atvinnulífið á Húsavík.

Atvinnumál:

Jóel tekur við einu glæsilegasta skipi flotans



Nýtt og glæsilegt skip, Guðmundur í Nesi bættist í flota landsmanna fyrir nokkeru. Skipstjóri um borð er Þorgrímur Jóel Þórðarson frá Húsavík.

Nýtt frystiskip bættist í flota landsmanna um síðustu mánaðamót. Skipið heitir Guðmundur í Nesi RE. og verður gert útrá Reykjavík. Skipið er í eigu Útgerðarfélagins Tjalds hf. Til stendur að gera skipið sem er 2.464 brúttótonn, 66 metrar langt og 14 metra breitt út á grálúðuveiðar. Skipið var smíðað

árið 2000. Skipstjóri á skipinu verður Húsvíkingurinn Þorgrímur Jóel Þórðarson. Í áhöfn skipsins verða 21, þar af kemur hluti áhafnarinnar frá Húsavík. Fréttabréfið heimsótti karlana um borð og létu þeir mjög vel af allri aðstöðu um borð og sögðust bíða spenntir eftir því að halda í fyrstu veiðiferðina.

Ferðamál:

Bjargarmenn í skoðunarferð



Áböfnin á Björgu Jónsdóttur ÞH við Kárahnjúka.

Áhöfnarmeðlimir á Björgu Jónsdóttur ÞH brugðou sér í skoðunarferð í Kárahnjúka þegar þeir lágu í Norðfjarðarhöfn. Þeir notuðu helgarfríið

til að fara í ferðina og létu vel af henni enda mikið að skoða í Kárahnjúkum.

Kjaramál:

Verslunarfólk fær álagsuppbót

Starfsmenn verslana, sem nýta sér lengri opnunartíma í desember, eiga rétt á sérstakri álagsgreiðslu í desember. Álagsgreiðslan er 10%

ofan á föst laun. Starfsmenn geta einnig tekið þessa álagsgreiðslu út í 2ja daga fríi í janúar ef þeir kjósa svo.

Atvinnumál:

Svæðisvinnumiðlun ræður starfsmann

Jóhanna Sigurðardóttir starfsmaður Svæðisvinnumiðlunar Neystra á Húsavík er farin í fæðingarorlof í eitt ár. Í hennar stað hefur Hlífur Karlsson verið ráðinn tíma-bundið. Hlífur Karlsson var lengi framkvæmdastjóri Mjólkursamlags KP á Húsavík. Aðsetur vinnumiðlunarinnar er í húsnæði stéttarfélaganna á Húsavík. Að sögn Hlífars verður opið hjá honum frá kl. 10:00 til 14:00 þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga. Á miðvikudögum verður opið frá 08:00 til 16:00. Lokað verður á mánudögum.



Hlífur Karlsson.

Kjaramál:

Breytingar á launum og launaútreikningi um áramót

Almenn hækkun launa hjá starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga varð 3% um síðustu áramót. Laun hækka hins vegar ekkert á almenna vinnumarkaðnum, enda eru samningar þar lausir og viðræður standa nú yfir um nýjan kjarasamning. Frá áramótum dettur niður framlag ríkisins í séreignasjóð, sem var 10% af framlagi starfsmanns.

Frá áramótum hækkar mót-

framlag í lífeyrissjóð vegna þeirra starfsmanna sveitarfélaga sem starfa eftir kjarasamningum Verkalýðsfélags Húsavíkur, Verkalýðsfélags Öxarfjarðar, Verkalýðsfélags Raufarhafnar og Verkalýðsfélags Þórshafnar. Þá verður framlag starfsmanna í lífeyrissjóð 6% af öllum launum og mótframlag sveitarfélaganna 9% af öllum launum.

Kjaramál:

Kjör atvinnulausra verulega slæm

Verkalýðsfélag Húsavíkur ályktaði nýlega um málefni atvinnulausra þar sem þess er krafist að stjórnvöld standi skilyrðislaust við stóru orðin varðandi kjör atvinnulausra. Það er að atvinnuleysisbætur verði hækkaðar og fylgi lágmarkslaunum á almenna vinnu-

markaðnum. Gefin loforð fyrir kosningar eiga að standa segir í ályktun félagsins. Þá hvetur Verkalýðsfélag Húsavíkur Starfsgreinasamband Íslands til að fylgja eftir kröfu verkalýðshreyfingarinnar um hækkun atvinnuleysisbóta við stjórnvöld.

Kjaramál:

Daglegar fréttir af kjaramálum á heimasíðu

Um síðustu áramót voru kjarasamningar almennt lausir og nú eru kjaraviðræður í gangi. Félagsmenn geta fylgst með gangi mála á heimasíðu stéttarfélaganna www.vh.is sem daglega flytur nýj-

ustu fréttir af stöðu mála. Þannig vilja stéttarfélagin ávalt halda félagsmönnum vel upplýstum enda mikilvægt að þeir fylgdist vel með sínum kjaramálum.

Félagsmál:

Sjómenn álykta

Aðalfundur Sjómanna- eildar Verkalýðsfélags Húsavíkur var haldinn í lok desember. Að venju urðu fjögur umræður á fundinum um málefni sjómanna ekki síst kjaramál. Jakob Hjaltalín, Pétur H. Pétursson, Stefán Hallgrímsson, Húsavíkur fagnar áformum Íshafs hf. að gera út fjögur skip til rækjuveiða frá Húsavík í upphafi næsta árs.

Gangi áætlanir fyrirtækisins eftir koma þær til með að hafa mjög jákvæð áhrif á atvinnulíf á Húsavík



Fjögur umræður urðu um kjaramál á aðalfundi Sjómanna- eildar VH í lok desember. Þá gættir mikillar ánægju með fjölgun sjómanna- starfa á Húsavík í kjölfar þess að Íshaf hf. befur ákveðið að gera út fjögur skip á rækjuveiðar.

Valgeir Baldursson og Haukur Hauksson voru kjörnir stjórn deildarinnar. Á fundinum var ályktað um sjómannaafsláttinn, fjölgun starfa við sjómennsku á Húsavík og sjónvarps- og útvarps- sendingar á hafi úti.

Ályktun

Sjómanna- eild Verkalýðsfélags

með fjölgun starfa við sjómennsku og í störfum tengdum sjávarútvegi. Mikilvægt er að við ráðningar á skipin verði leitast við að ráða húsviska sjómenn.

Ályktun

Sjómanna- eild Verkalýðsfélags Húsavíkur skorar á stjórnvöld að tryggja sjófarendum sömu skilyrði



Valgeir og Stefán voru kjörnir í stjórn Sjómanna- eildar VH á fundinum. Með þeim á myndinni er Guðmundur Alfreð.

til sjónvarps- og útvarps- sendinga og bjóðast í landi. Það hlýtur að teljast eðlileg krafa að allir landsmenn sitji við sama borð er varðar þjónustu sem þessa. Þá má ekki gleyma því að útvarps- sendingar gegna mikilvægu hlutverki í öryggismálum þjóðarinnar. Ekki síst þess vegna er ekki síður mikilvægt að þessum málum verði sem fyrst komið í viðunandi horf. Sjómenn eiga skilyrðislaust að sitja við sama borð og aðrir landsmenn.

Ályktun

Aðalfundur Sjómanna- eildar Verkalýðsfélags Húsavíkur mót- mælir harðlega boðuðum breytingum á lögum um tekju- og eignar- skatt er miða að því að fella niður sjómannaafsláttinn. Ljóst er að um verulega tekjuskerðingu er um að ræða fyrir sjómenn, enda sjómannaafslátturinn hluti af þeim

kjarasamningum sem í gildi eru fyrir sjómenn. Sé það ætlun ríkis- stjórnarinnar að afnema sjómanna- afsláttinn er eðlilegt að hún ákveði einnig með lögum hvernig sjómönnum verður bætt sú kjarar- ýrningur sem hlýst af afnámi hans eða samtök útgerða taki að sér að bæta kjararýrninguna sem hlýst af afnámi afsláttarins. Sjómanna- eild Verkalýðsfélags Húsavíkur hvetur sjómenn um land allt til að standa vörð um gildandi kjör sjómanna og komi í veg fyrir að stjórnvöldum tækist með aðstoð útgerðarmanna að skerða réttindi og kjör sjómanna. Frumvarp stjórnvalda um afnám sjómannaafsláttarins og fram- komnar tillögur útgerðarmanna um skerðingar á gildandi kjarasamningi sjómanna er bein áráð á kjör sjómanna. Félagar stöndum vörð um sjálfsögð réttindi sjómanna.

Félagsmál:

Tillögur Kjörnefndar samþykktar



Kjörnefnd Verkalýðsfélags Húsavíkur að störfum.

Kjörnefnd Verkalýðsfélags Húsavíkur skilaði nýlega tillögum um félagi í trúnaðarstöður í félaginu fyrir starfsárið 2004-05. Tillagan var samþykkt samhliða á stjórn og trúnaðarmannaráði fél-

agsins og er auglýst í Fréttabréfinu. Litlar breytingar eru á helstu trúnaðarstöðum í félaginu enda mikill áhugi fyrir starfi félagsins og því auðvelt að fá fólk til að starfa fyrir félagið.

Fræðslumál:

Fiskur og ferðaþjónusta

Fulltrúar frá Verkalýðsfélagi Húsavíkur, Starfsgreinasambandi Íslands, Mími símenntun og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins komu nýlega saman til að ræða framgang námskeiðs fyrir starfsfólk í ferða- þjónustu. Þessir aðilar fengu á síðasta ári styrk kr. 2.500.000,- til að þróa námskeið fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu á Húsavík/S-Þing. Hugmyndin er að þróa og búa til stutta starfsmenntabraut fyrir starfs- fólk, sem starfar hjá ferðaþjónustu- fyrirtækjum sem byggja starf sitt á fiski, s.s. hvalaskoðun, sjóstang- veiði, veiði í ám og vötnum, fram- leiðslu eða matreiðslu úr fiski. Námið verður byggt upp með blöndu af

námi og starfsreynslu. Nemendum verður einnig gefin kostur á að fara í viku starfsþjálfun til annarra fyrirtækja til að breikka reynslu sína á starfssviðinu. Hugmyndin er að kenndar verði 5 kst. á viku, auk þess einn laugardagur í mánuði. Námið verður 250-300 kst. samtals. Á fundinum var samþykkt að hefja vinnu af fullum krafti við að þróa námskeiðið í samráði við ferða- þjónustuaðila á félagssvæði VH. Þess má geta að fundað var með þeim á síðasta ári þar sem verk- efnið var formlega kynnt. Ferða- þjónustuaðilar sýndu verkefnum mjög mikinn áhuga.

Kjaramál:

Samningar sjómanna ganga hægt

Lítið er að frétta af kjaravið- ræðum LÍÚ og Sjómanna- sam- bands Íslands. Málið er í höndum ríkissáttasemjara sem stjórnar

viðræðum. Hægt er að fylgjast með framvindu mála á heimasíðu stéttarfélaganna www.vh.is.

Kjararál:

Kjarasamningagerð verslunarmanna í „salti“

Markviss undirbúningur

Kjarasamningar Verslunarmannafélags Húsavíkur gilda til 28. febrúar 2004. Verslunarmannafélag Húsavíkur er aðili að Landssambandi íslenskra verslunarmanna og á vettvangi LÍV hófst undirbúningur kjarasamninga snemma á síðasta ári, með vandaðri og viðamikilli launakönnun meðal alls verslunar- og skrifstofufólks á Íslandi. Samfara undirbúningur að kröfugerð var gerð símakönnun í haust þar sem könnuð voru viðhorf félagsmanna til ýmissa aðriða sem varða starfið og kjörin. Auk þessa hafa verslunarmannafélagin hvert og eitt haldið fundi á vinnustöðum.

Áherslur sambandsins voru síðan kynntar í desember og sendar til allra félagsmanna Verslunarmannafélags Húsavíkur strax eftir áramótin og í kjölfarið var gerð símakönnun á viðhorfum félagsmanna til aðferðarfræðinnar og krafanna. Um miðjan janúar voru lagðar fram kröfur félagsins um launahækkanir og önnur þau atriði sem snerta kaupaxtana sjálfa. Í þeim er gerð krafa um 4-5% árlega hækkun launa auk sérstaka hækkun kaupaxta þannig að lægstu kaupaxtar verði kr. 130.000 í lok fjöggra ára samningstíma.

SA hefur ekki tíma

Frá því um miðjan janúar hefur verið beðið eftir að kjarasamningar geti hafist, en því miður hafa Samtök atvinnulífsins ekki getað komið því við að sinna að neinu viti viðræðum við fleiri en eitt landssamband í einu, því skipulag samtaka launagreiðenda er svo miðstýrt að sömu fáu einstaklingarnir úr þeirra röðum sinna kjarasamningagerð

fyrir allan vinnumarkaðinn. Með þessu fyrirkomulagi hafa Samtök atvinnulífsins gefið þeim ákvæðum laga um stéttarfélag og vinnudeilur sem var ætlað að koma betra skipulagi á kjarasamningsgerð langt nef.

Mörg járn í eldinum

Landssamband íslenskra verslunarmanna er einnig aðili að sameiginlegri vinnu aðildarféлага ASÍ, þar sem gerð er krafa um breytingar á nokkrum sameiginlegum málum sem snerta félagsmenn aðildarfélagana, s.s. um ráðningarsamninga, aðbúnaðarmál, réttindi hlutavinnustarfsmanna, réttindi starfsmanna í tímabundinni ráðningu og trúnaðarmenn.

Jafnframt hafa aðildarfélag ASÍ sameiginlega með kröfur á hendur stjórnvöldum í tengslum við kjarasamningsgerðina. Þar er meginkrafa sú að aðstæður atvinnulausra verði bættar, velferðarkerfið og aðstæður sjúkra verði bættar, aðstæður barnafólks verði bættar og að lífeyrisréttindi starfsmanna á almenna markaðnum verði bætt og samræmd í þrepum við það sem gildir á vinnumarkaði opinberra starfsmanna, þingmanna og ráðherra.

Fylgjast með og hafa áhrif

Að lokum er rétt að hvetja félagsmenn til að fylgjast með kjarasamningsgerðinni. Ávallt eru birtar fréttir á vef stéttarfélaganna, www.vh.is. Auk þess er hægt að hafa samband við Skrifstofu stéttarfélaganna og Ágúst Óskarsson formann Verslunarmannafélags Húsavíkur sem á sæti í samninganefnd LÍV.

Atvinnumál:

Langanes kaupir nýtt skip



Nýja skipið er væntanlegt til Húsavíkur á árinu.

Útgerðarfélagið Langanes á Húsavík hefur samið um kaup á nóta- og flotvörpurskipi frá Bergen í Noregi. Skipið er 70 metra langt og 12 metra breitt og smíðað í Noregi árið 1975. Í skipinu er frysti- og flökunarbúnaður fyrir uppsjávarfisk sem afkastar um 70 til 80 tonnum af frystum afurðum á sólarhring.

Skipið ber um 900 tonn í tönkum og 400 tonn af frystum afurðum. Töluverðar endurbætur verða gerðar á skipinu áður en það kemur til heimahafnar á Húsavík síðar á þessu ári. Ástæða er til að óska útgerðarfélaginu til hamingju með skipið sem verður án efa mjög glæsilegt þegar það kemur til heimahafnar eftir gagngerar breytingar. Ekki er ólíklegt að fjölga þurfi um 5 til 6 starfsmenn um borð enda skipið mun öflugra en núverandi skip. Í dag eru 14 menn í áhöfn Bjargar Jónsdóttir sem selt verður í staðinn fyrir nýja skipið.

Auglýsing um stjórnarkjör fyrir starfsárið 2004 til 2005 og framboðsfrest hjá Verkalýðsfélagi Öxarfjarðar

Stjórn:

Olga Gísladóttir formaður
Guðmundur Baldursson varaformaður
Ingimar Pétursson gjaldkeri
Freyja Ingólfssdóttir ritari
Ragnhildur Jónsdóttir meðstjórnandi
Freyja Ingólfssdóttir meðstjórnandi

Varastjórn:

Kristjana Erna Helgadóttir
Guðlaug Anna Ívarsdóttir

Trúnaðarmannaráð:

Brynjar Halldórsson
Andrés J. Ólafsson
Þóra Jósefsdóttir
Árni Sigurðsson

Orlofsnefnd:

Olga Gísladóttir
Guðmundur Baldursson
Ingimar Pétursson

Til vara:

Freyja Ingólfssdóttir
Ragnhildur Jónsdóttir

Stjórn Sjúkrasjóðs:

Olga Gísladóttir
Ingimar Pétursson
Ragnhildur Jónsdóttir

Skoðunarmenn reikninga:

Skúli P. Jónsson
Rúnar Þórarinnsson

Heimilt er hverjum fullgildum félagi að koma með breytingatillögum um félagi á einstakar trúnaðarstöður eða koma fram með nýja heildartillögu um skipan félagi á trúnaðarstöður fyrir næsta starfsár. Breytingatillögu skal fylgja skrifleg heimild frá þeim, sem stungið er upp á og meðmæli a.m.k. 10 fullgildra félagsmanna. Nýjum heildartillögum þurfa að fylgja skrifleg meðmæli a.m.k. 15 fullgildra félagsmanna. Skylt er að koma breytingartillögum til skrifstofu félagsins, Garðarsbraut 26, Húsavík fyrir 15. mars 2004. Kosningar fara fram í samræmi við reglugerð ASÍ um allsherjaratkvæðagreiðslur.

Kópasker 11. febrúar 2004
Stjórn og trúnaðarmannaráð
Verkalýðsfélags Öxarfjarðar

Félagsmál:

Góð starfsmannaaðstaða

Á síðasta ári var ný starfsmannaaðstaða tekin í notkun hjá Laugafiski í Reykjadal. Aðstaðan er til fyrirmyndar og ekki var annað að heyra en starfsmenn væru mjög

ánægðir með hana þegar formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur fundaði með starfsmönnum í desember um kjararál.



Það fer vel um starfsmenn Laugafisks í nýju starfsmannaaðstöðunni.

Félagsmál:

Ert þú búin(n) að gera upp félagsgjaldið

Rétt er að benda þeim félagsmönnum á, sem ekki hafa náð að greiða lágmarks félagsgjald til stéttarfélaganna á Húsavík/S-Þing, Þórshöfn og Öxarfirði fyrir árið 2003, að gera það sem fyrst svo þeir tapi ekki réttindum eða í síðasta lagi fyrir 15. mars.

Lágmarksgjald fyrir árið 2003 er kr. 6.000,- Félagsmenn þurfa sjálfir að passa upp á að þeir hafi náð að greiða lágmarksgjaldið þar sem ekki eru sendir út giróseðlar fyrir því sem upp á vantar að félagsgjaldið hafi verið gert upp.

Auglýsing um stjórnarkjör fyrir starfsárið 2004 til 2005 og framboðsfrest hjá Verkalýðsfélagi Þórshafnar

Stjórn:

Aðalstjórn:

Kristín Kristjánsdóttir Formaður
Kristinn Lárusson Varaformaður
Hulda I. Einarsdóttir Ritari
Sigríður Jónsdóttir Gjaldkeri
Sigfús Kristjánsson Meðstjórnandi

Til vara:

Svala Sævarsdóttir
Kristín Alfreðsdóttir
Þórður Úlfarsson
Þórarinn Þórisson
Bergný Birgisdóttir

Sjúkrasjóður:

Kristín Kristjánsdóttir
Líney Sigurðardóttir
Kristján Gunnarsson

Til vara:

Kristinn Lárusson
Svala Sævarsdóttir

Trúnaðarráð:

Dóra Leósdóttir
Kristján Gunnarsson
Axel Gunnarsson
Svanur Snæþórisson
Björg Þóroddsdóttir

Til vara:

Guðjón Gamalielsson
Kristín Óladóttir
Sigurborg Hulda Sigurðardóttir
Lilja Ólafsdóttir
Margrét Nielsdóttir

Kjörstjórn:

Kristín Lárusson
Dagbjört Aradóttir

Til vara:

Aðalbjörg Jónsdóttir
Niels Þóroddsson

Orlofsjóður:

Stjórn Verkalýðsfélagsins hverju sinni.

Félag skjórnir endurskoendur:

Jóhanna Helgadóttir
Elfa Benediktsdóttir
Til vara:
Sólveig Óladóttir

Vinnustaður:

Starfsmaður Vlf. Þórshafnar
Ístak hf.
Dvalarheimilið Naust
Leikskólinn Barnaból
Geir PH 150

Hraðfrystistöð Þórshafnar
Húsmóðir
Hraðfrystistöð Þórshafnar
Hraðfrystistöð Þórshafnar
Húsmóðir

Starfsmaður V.P
Lyfja h.f.
Þórsvær Þórshafnarhreppur

Ístak hf.
Hraðfrystistöð Þórshafnar

Húsmóðir
Þórsvær Þórshafnarhreppur
Samskip/Landflutningar
Hraðfrystistöð Þórshafnar
Dvalarheimilið Naust

Trémiðjan Brú
Húsmóðir
Hraðfrystistöð Þórshafnar
Húsmóðir
Lónið

Ístak hf.
Þórshafnarhreppur

Hraðfrystistöð Þórshafnar
Hraðfrystistöð Þórshafnar

Þórshafnarhreppur
Hraðfrystistöð Þórshafnar

Hraðfrystistöð Þórshafnar

Heimilt er hverjum fullgildum félagsmanni að koma með tillögur um félagi í einstakar trúnaðarstöður eða koma fram með heildartillögu eða þá einstaka stjórn. Tillögu skal fylgja skrifleg heimild frá þeim sem stungið er uppá og meðmæli með a.m.k. 15 fullgildra félagsmanna. Heildartillögum skal fylgja skrifleg meðmæli a.m.k. 25 fullgildra félagsmanna. Gefinn er frestur til 15. mars n.k. að skila tillögum inn til stjórnar á skrifstofu félagsins á Þórshöfn. Allar tillögur sem berast skulu merktar eftir starfrófsröð í þeirri röð sem þær berast inn. Á tímabilinu 1. apríl til 1. maí skal kjörstjórn félagsins efnar til allsherjaratkvæðagreiðslu og eða póstatkvæðagreiðslu samkvæmt lögum ASI þar að lútandi komi fram aðrar tillögur frá félagsmönnum fyrir 15. mars 2004.



Stjórn og trúnaðarmannaráð
Verkalýðsfélags Þórshafnar

Kjaramál:

Lítið að gerast hjá Samiðn

Lítið hefur verið að gerast í samningamálunum Samiðnar og við-
semjenda undanfarið því viðræður
hafa að mestu leiti legið niðri. Einn
fundur hefur verið haldinn með
Samtökum atvinnulífsins (SA) um
málefni sem snúa að starfsfólki í
hársnyrtigreinum. Farið var yfir
sérkröfur en engin niðurstaða
fékkst þrátt fyrir jákvæð viðbrögð.

Varðandi aðalkröfugerð gangvart
SA hafa ekki átt sér stað viðræður.
Sama má segja um Virkjunar-
samninginn, engar viðræður hafa
átt sér stað og engir fundir fyrir-
hugaðir þegar fréttabréfið fór í
prentun. Þess má geta að Samiðn
hefur samningsumboð fyrir Þingjón,
félag iðnaðarmanna í Þingeyjar-
sýslum.

Auglýsing um stjórnarkjör fyrir starfsárið 2004 til 2005 og framboðsfrest hjá Verkalýðsfélagi Húsavíkur

AÐALSTJÓRN:

Aðalsteinn Árni Baldursson formaður
Kristbjörg Sigurðardóttir v.formaður
Sólveig Sveinbjörnsdóttir ritari
Jakob G. Hjaltalín gjaldkeri
Aðalsteinn Óskarsson meðstjórnandi
Torfi Aðalsteinsson meðstjórnandi
Sigrún Arngrímsdóttir meðstjórnandi

Vinnustaður:

Skrifstofa stéttarfélaganna
Sambýlið Pálsgarði
Fiskidjúsamlag Húsavíkur
Norðlenska
Íshaf hf.
Íshaf hf.
Hvammur, heimili aldraðra

VARASTJÓRN:

Haukur Hauksson
Inga G. Sumarliðadóttir
María Jónsdóttir
Sigríður K. Gunnlaugsdóttir
Aðalsteinn Gíslason

Örn KE 13
Heilbrigðisst. Þingeyinga
Leikskólinn Bestibær
Hvammur heimili aldraðra
Búbót

TRÚNAÐARMANNARÁÐ:

Þorbjörg Björnsdóttir
Bjarni Aðalgeirsson
Haukur Tryggvason
Lilja Guðlaugsdóttir
Agnes Einarsdóttir
Gunnþórunn Þórgrímsdóttir
Kristrún Sigtryggsdóttir
S. Rakel Matthíasdóttir
Marzenna K. Cybulska
Pórir Stefánsson
Valgeir Baldursson
S. Páll Helgason
Þráinn Þráinsson
Einar Friðbergsson

Ellilífeyrisþegi
SBA-Norðurlandi
Kirkjugarðsvörður
Heilbrigðisst. Þingeyinga
Kíliðjan hf.
Fiskidjúsamlag Húsavíkur
Heilbrigðisst. Þingeyinga
GPG-Fiskverkun
Nemi
Vegagerð ríkisins
Rauðinúpur PH 160
GPG-Fiskverkun
Fiskidjúsamlag Húsavíkur
Borgarhólskóli

Fræðslusjóður:

Lilja Guðlaugsdóttir
Kristrún Sigtryggsdóttir
María Jónsdóttir
Varamenn:
Aðalsteinn Gíslason
Agnes Einarsdóttir

Sjúkrasjóðsstjórn:

Aðalsteinn Á. Baldursson
Þorbjörg Björnsdóttir
Haukur Tryggvason
Varamenn:
Kristbjörg Sigurðardóttir
Gunnþórunn Þórgrímsdóttir
Agnes Einarsdóttir

Orlofsnefnd:

Inga G. Sumarliðadóttir
Örn Jensson
Sigríður Gunnlaugsdóttir
Varamenn:
Bjarni S. Aðalgeirsson
Sólveig Sveinbjörnsdóttir

Vinnudeilusjóður:

Kristbjörg Sigurðardóttir
Bjarni S. Aðalgeirsson
Jakob Hjaltalín
Varamenn:
Gunnþórunn Þórgrímsdóttir
Aðalsteinn Óskarsson
Ósk Porkelsdóttir

Laganefnd:

Torfi Aðalsteinsson
Sigrún Arngrímsdóttir

Skoðunarmenn reikninga:

Dómhildur Antonsdóttir
Pétur H. Pétursson
Varamaður:
Jóhanna Hallsdóttir

Kjörstjórn:

Sveinn Pálsson
Þóroddur Adamsson
Varamenn:
Svala Björgvinsdóttir
Haukur Tryggvason

1. maínefnd stéttarfélaganna S-Þing.

Fulltrúar félagsins:
Aðalmaður: Ósk Porkelsdóttir
Varamaður: Dómhildur Antonsdóttir

Heimilt er hverjum fullgildum félagi að koma með breytingatillögur um félagi í einstakar trúnaðarstöður eða koma fram með nýja heildartillögu um skipan félaga í trúnaðarstöður fyrir næsta starfsár. Breytingatillögu skal fylgja skrifleg heimild frá þeim, sem stungið er upp á og meðmæli a.m.k. 25 fullgildra félagsmanna. Nýjum heildartillögum þurfa að fylgja skrifleg meðmæli a.m.k. 50 fullgildra félagsmanna. Skyllt er að koma breytingatillögum til skrifstofu félagsins, Garðarsbraut 26, Húsavík fyrir 15. mars 2004. Kosningar fara fram í samræmi við reglugerð ASI um allsherjaratkvæðagreiðslur.



Húsavík 15. febrúar 2004
Stjórn og trúnaðarmannaráð
Verkalýðsfélags Húsavíkur

Orlofsmál:

Orlofsmál í næsta fréttabréfi

Næsta fréttabréf kemur út í mars n.k. Það verður helgað orlofsmálum stéttarfélaganna og væntanlegum kjarasamningum. Þeir sem vilja

auglýsa í fréttabréfinu eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband við ritstjóra blaðsins í síma 464-6600.

Fræðslumál:**Fyrsta fiskeldisnámskeiðið**

Þæplega 40 starfsmenn fiskeldisfyrirtækja í Þingeyjarsýslum bafa undanfarid verið á námskeiði.

Um þessar mundir standa yfir tvö 36 stunda námskeið fyrir starfsmenn í fiskeldi í Þingeyjarsýslum. Starfsmennirnir koma frá fjórum fyrirtækjum. Það er frá Silfurstjórnunni, Rifós, Fiskeldinu Haukamýri og Norðurlaxi. Starfsmennirnir eru um fjórutíu. Kennt er á Húsavík og í Skúlagarði í Kelduhverfi. Fyrirtækin standa að námskeiðunum ásamt Verkalýðsfélagi Húsavíkur og Verkalýðsfélagi Óxarfjarðar. Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar skipuleggur og fjármagnar námskeiðin að mestu leiti. Þess má geta að þetta eru fyrstu kjarasamningsbundnu námskeiðin sem haldin eru

sérstaklega fyrir starfsfólk í fiskeldi á Íslandi. Helstu þættir sem teknir verða fyrir á námskeiðinu eru eftirfarandi:

- Dagleg umhirða fiska
- Slátrun, vinnsla og markaðsmál
- Öryggi í fiskeldisstöðvum
- Vinnustaða og líkamsbeiting
- Atvinnulífið, starfsfólkið og launakerfin
- Samvinna og samskipti á vinnustað
- Gæðastjórnun í fiskeldi

Námskeiðunum lýkur nú um mánaðamótin og verður þá slitið með viðeigandi hætti. Nánar um það í næsta Fréttabréfi.

Kjaramál:**Stjórn Heilbrigðisdeildar fundar**

Stjórn Heilbrigðisdeildar VH ásamt varaformanni félagsins, Kristbjörgu Sigurðardóttur.

Stjórn Heilbrigðisdeildar Verkalýðsfélags Húsavíkur hefur undanfarid fundað reglulega um kjaramál starfsmanna ríkisins enda standa kjaraviðræður yfir í Reykjavík. Ekki er reiknað með að gengið verði frá nýjum kjarasamningi við ríkið fyrr en gengið hefur verið frá kjarasamningi milli Samtaka atvinnu-

lífsins og verkalýðshreyfingarinnar sem nú standa yfir. Það á einnig við um kjarasamning Verkalýðsfélags Húsavíkur og Hvamms, heimilis aldraðra á Húsavík. Kristbjörg Sigurðardóttir varaformaður VH hefur tekið þátt í þessum viðræðum fyrir hönd félagsins, þ.e.a.s. um ríkissamninginn.



Markmið mitt
er að vera meira með börnunum

Með netbanka Íslandsbanka
nýtir þú tíma þinn betur

ÍSLANDBANKI | Hvar sem þú ert